VERKALÝÐS-BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Svipmyndir úr sögu fjöldabaráttu

Sjá 3. síðu

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3.árg. 2.Tbl. 14.feb.-14.mars 1977 100 kr.

Segjum samningum upp strax:

LÁGMARKSLAUN VERÐI 100 ÞÚS. Á MÁNUÐI!

★ Fullar vísitölubætur á laun!
★ Gegn frumvarpi um stéttarfélög og vinnudeilur!
★ Gegn miðstýringu valds í verkalýðshreyfingunni!
★ Gegn verðhækkunum á lífsnauðsynjum!
★ Gegn auknum skattaálögum!

Hvaða kröfur á að setja fram fyrir næstu kjarasamninga?

Þegar kommúnistar og framsækið verkafólk vinna að kröfugerð í dægurbaráttunni, verður að vera ljóst eftir hvaða leiðarsteinum á að fara. Mikilvægustu atriðin eru þessi:

1. Kröfur verða að vera sameinandi.
2. Þær verða að leiða fólk fram á við og þar af leiðandi að gefa möguleika á árangri/sigri í baráttunni, því eitt mikilvægasta fyrir verkafólk í dag er að læra að sigra og sjá að baráttan gefur árangur.
3. Af þessu leiðir, að í kröfugerð, verður að taka mið af vitund verkalýðsstéttarinnar um stétt sína og stöðu og hlutlægi baráttustöðu hennar.

Út frá þessum atriðum hafa EIK(m-l) talið þrjár eftirfarandi kröfur mikilvægastar fyrir komandi kjaraátök:

a) Lágmarkslaun verði hlutfalls-

frh. bls 4

"Ég vil endilega að það komi fram að VERKALÝÐSBLAÐIÐ er eina blaðið sem stutt hefur mjólkurbúðakonurnar í baráttunni fyrir því að halda atvinnunni. Ég hafði nú ekki heyrt á þetta blað minnst, fyrr en ég rakst á það í sumar. Síðan hef ég verið fastur kaupandi og ætla mér að vera það áfram. Það er ekki nema sjálfsagt þegar verkafólk hefur loksins fengið eigið málgagn!"

Þetta sagði Lilja Kristjánsdóttir við fréttamann Vbl., síðasta vinnudaginn á Laugateignum. Hér eru þær Lilja og Lóló (t.v.) og eru síður en svo á þeim buxunum að láta deigan síga í baráttunni.

"Yfirvinnan er gjöf til atvinnurekenda"

-Mér finnst nú að lágmarkskaupið fyrir dagvinnuna þurfi að hækka mjög mikið og ég er viss um að við yrðum ekkert of sæl með 115-120 þús. kr. á mánuði. Um yfirvinnuna vil ég sem minnst segja, því hún er ekkert nema gjöf til atvinnurekenda og ætti ekki að vera til. Það á hiklaust að borga næturvinnu eftir kl. 5, þannig er það í löndunum í kring um okkur.

Þannig mælti Ólafur Kristjánsson hafnarverkamaður hjá Eimskip í viðtali við VERKALÝÐSBLAÐIÐ á dögunum. Ólafur hefur unnið hjá Eimskip í 3 ár og vinnur í A-skálanum.

-Dýrtíðin hefur aldrei verið verri en nú og ég skil bara alls ekki hvernig ungt fólk, sem er að koma sér fyrir, getur komist

frh. bls. 4

Fullan stuðning við vagnstjóra SVR!

Í SÍÐASTA VERKALÝÐSBLAÐI VAR VIÐTAL VIÐ EINN AF VAGNSTJÓRUM HJÁ STRÆTISVÖGNUM REYKJAVÍKUR, ÞAR SEM HANN SKÝRÐI SJÓNARMIÐ SÍN OG ALLS ÞORRA STARFSFÉLAGA SINNA Í DEILU SEM VAGNSTJÓRAR EIGA Í VIÐ STJÓRN S.V.R. OG BORGARYFIRVÖLD.

Strætisvagnar SVR eru afar illa búnir til aksturs í hálku; þeir eru á sumardekkjum og þeim mörgum afar lélegum. Bílstjórarnir hafa barist fyrir því að fá negld snjódekk undir vagnana, enda bera þeir sjálfir lagalega ábyrgð á útbúnaði ökutækja sinna, þ.e. þeir eru skaðabótaskyldir vegna tjóna/skaða sem hlytust af strætisvögnunum og mætti rekja beint til ófullnægjandi útbúnaðar vagnanna. Auk þess hafa vagnstjórarnir lagt á það áherslu, að ófullnægjandi öryggisútbúnaður leiði til þess að vagnarnir geti ekki haldið tímaáætlunum sínum í snjó eða hálku, þar sem þeir aka þá eðlilega hægar og með sérstakri aðgætni. Þetta myndi leiða (og hefur alltaf leitt) til mikilla óþæginda fyrir þá sem vagnana þurfa að nota, en það er í miklum meirihluta verkafólk, skólafólk, aldraðir og öryrkjar. Vagnstjórarnir eiga því óðrum þræði í baráttu fyrir bættum búnaði ökutækja sinna, til þess að geta bjónað fjöldanum betur.

Hvert verður framhaldið?

Viðtalið í VERKALÝÐSBLAÐINU hefur vakið athygli meðal almennings og vagnstjóra, enda er þetta í fyrsta sinn sem sjónarmið vagnstjóranna koma fram í fjölmiðli á svo greinargóðan hátt. En sumir voru miður hrifnari af viðtalinu. Til dæmis er vitað, að vaktformaður einn hjá SVR lét taka ljósrit af viðtalinu í blaðinu og hefur vafalaust í hyggju að beita því gegn þeim manni sem VERKALÝÐSBLAÐIÐ talaði við og öðrum baráttusinnuðum starfsfélögum hans. Þegar VERKALÝÐSBLAÐIÐ fór í prentun, var enn beðið viðbragða stjórnvalda strætisvagnanna, en þeirra verður væntanlega skammt að bíða.

Einingarsamtök kommúnista (m-l) lýsa fullum stuðningi við baráttu vagnstjóra SVR og hvetja allt alþýðufólk til þess að veita þeim stuðning. Sameinuð stenst verkalýðsstéttin hverja raun, en sundrungin þjónar aðeins atvinnurekendum og ríkisvaldi þeirra.

Fullan stuðning við baráttu vagnstjóranna!

Hjúkrunarfræðingar: Lærum af baráttu röntgentækna

Eins og skýrt hefur verið frá í VERKALÝÐSBLAÐINU, hafa röntgentæknar átt í harðvítugri kjara- og réttindabaráttu undanfarnar vikur og mánuði og lögðu m.a. niður störf 20. nóv. til þess að leggja áherslu á kröfur sínar. Kröfur þeirra, sem ríkisvaldið hefur algerlega hunsað, eru þó ekki meiri en þær, að leiðrétt verði misræmi í kjörum röntgentækna og röntgenhjúkrunarfræðinga, þannig að röntgentæknar standi þeim jafnfætis í launum, enda vinna báðir hópar sömu vinnu. Nú hefur ríki og borg tekist að brjóta aðgerðir röntgentæknanna á bak aftur og hafa þeir hafið störf á ný, án þess að ná fram neinni af sínum kjara kröfum. Brögðin sem ríkisvaldið og borgaryfirvöld beittu voru ógeðfelld og slíkt ber algerlega að fordæma. Til dæmis var röntgentæknum hótað missi á plássum þeirra á dagvistunar stofnunum spítalanna, sem ein-

frh. bls. 4

Verjum sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar! baksíða

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

EFLUM VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Verkalýðsblaðið hefur nú bráðum komið út í tvö ár og hefur það tekið miklum stakkaskiptum í innihaldi og útliti á þeim tíma. Útbreiðsla blaðsins hefur og aukist mjög mikið, en gífurlegt starf við útbreiðslu er þó ófunnið. Við þurfum að efla enn lausasöluna á þeim svæðum þar sem blaðið er þegar selt og koma blaðinu í sölu á nýjum stöðum. Við þurfum stöðugt að halda á lofti áróðri fyrir áskrift að blaðinu, en áskriftir eru einmitt sá traustu grundvöllur sem efnahagur blaðsins byggir á. Við sækjum ekki aura í sjóði auðvaldsins - og munum aldrei þiggja nein framlög þess þó í boði væru. Við munum eingöngu treysta á eigin krafta; við erum að skapa blað verkalýðsins sem á að vera eign hans og vopn og borið uppi af verkalýðnum og annarri vinnandi alþýðu. Þetta er í grundvallaratriðum ólíkt málgögnum borgaralegu verkalýðsflokkanna, Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, sem eru rekin á nákvæmlega sama hátt og Morgunblaðið og önnur afturhaldsblöð. "Málgagn sósíalisma og þjóðfrelsis" - Þjóðviljinn er jafn háður gullgjöfum verslunarauðvaldsins og ríkisvaldsins og öpíumneytandinn eitri sínu. Ef svo til þess kæmi að Þjóðviljinn yrði auðvaldinu hættulegur (sem er síður en svo útlit fyrir!), þá yrði Þjóðviljinn einfaldlega látinn velja á milli þess að fá sína "gullsprautu" áfram og dansa áfram eftir pípum auðvaldsins, eða að deyja að öðrum kosti. Svona einfalt er það. Annars vegar Verkalýðsblaðið með vinnandi alþýðu að baki sér, hins vegar Þjóðviljinn með gullmola borgarastéttarinnar sér að baki

Eflum sölu á vinnustöðunum!

Verkalýðsblaðið er þegar selt reglulega á mörgum vinnustöðum, en vinnustaðasöluna ber að leggja sérstaka rækt við, því þar er að finna ólkið sem við ætlum að vinna á okkar band.

Verkalýðsblaðið kemur nú út einu sinni í mánuði. Það er afar brýn pólitísk nauðsyn á aukinni útgáfutíðni. EIK(m-l) hafa ákveðið að starfa markvisst að undirbúningi 1/2 mánaðarblaðs síðar á þessu ári. Þetta er mikilvægt skref sem krefst átaks af hálfu okkar allra. Við þurfum að marka blaðuppbyggingunni ákveðnari pólitíska stefnu, við þurfum fleiri áskrifendur, fé og tæki. Blaðið mun verða 1/2 mánaðarblað í september, en fram að þeim tíma kemur það mánaðarlega. Blaðið kemur þó oftar út ef þurfa þykir (í verkföllum, kring um 1. maí, o.s.frv.).

Verkalýðsblaðið er eina blaðið á Íslandi sem:
- er afdráttarlaust málgagn verkafólks í stéttabaráttunni
- flytur boðskap sósíalismans á Íslandi
- afhjúpar stéttasamvinnustefnu verkalýðsforystunnar og makk hennar við atvinnurekendur og ríkisvald
- flytur áróður fyrir endurreisn verkalýðsfélaganna sem baráttutækja verkafólks
- flytur áróður fyrir nauðsyn á byggingu pólitísks forystuafls verkalýðsins - marx-lenínísks kommúnistaflokks - undir forystu EIK(m-l)
- flytur fréttir úr stétta- og byltingarbaráttu erlendra stéttarbræðra
- tekur afstöðu gegn allri heimsvaldastefnu og bendir á hernaðarbrölt risaveldanna, Sovét og USA og stríðsundirbúning þeirra
- flytur fréttir af sósíalískri uppbyggingu í Kína og Albaníu og frelsisbaráttu þjóða í 3. heiminum.

Gefið í söfnunina - gerist áskrifendur!
Verkalýðsblaðið: 1/2 mánaðarblað 1977 !

Fundur í Iðju:
Stjórnartillögurnar kolfelldar

Iðja, félag verksmiðjufólks hélt félagsfund 9. febrúar, þar sem kjaramál félagsmanna voru til umræðu. Húsfyllir var á fundinum og almenn þátttaka var í umræðum. Einkennandi fyrir málflutning verkafólks á fundinum var hin harða gagnrýni sem stjórn Iðju varð fyrir, einkum nefndu menn lífeyrissjóðsmálin og lélega kjarasamninga í því sambandi.

Á Iðjufundinum var flutt tillaga um að í næstu kjarasamningum skuli samið upp á 100 þús. kr lágmarkslaun fyrir 40 stunda vinnuviku, frá og með 1. maí n.k. og fullar vísitölubætur á laun samkvæmt framfærsluvísitölunni, eins og hún er á hverjum tíma. Einnig fólst í tillögunni, að stjórn Iðju væri óheimilt að ljá máls eða semja upp á lægri upphæð eða skertar vísitölubætur án samþykkis félagsfundar í Iðju.

Tillaga þessi olli mikilli taugaveiklun í stjórnarliði Iðju og var mörgum þeirra greinilega mjög í mun að koma í veg fyrir að tillagan næði fram að ganga. Eftir að mælendaskránni hafði verið lokað og á meðan verið var að lesa upp tillöguna úr ræðupúlti, hrópaði Björn Bjarnason formaður landssambands iðnverkafólks fram í og kvaðst hafa frávísunartillögu á fyrri tillöguna. Þetta athæfi er auðvitað gróft brot á fundarsköpum, en frávísunartillagan var samt borin undir atkvæði og kolfelld, stjórnarliðinu til mikillar skelfingar. Með frávísun greiddu örfáir fundarmenn atkvæði, meðal annars nokkrir stjórnarmenn. Tillagan um 100 þús. kr. lágmarkslaun var hins vegar samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, aðeins örfáir voru á móti, þar af hluti stjórnarinnar. Sýnir þetta atvik ljóslega, að Iðjustjórnin ætlar sér að hunsa 100 þús. kr. kröfuna og einnig að engin alvara er á bak við samþykkt þings ASÍ í nóvember, þar sem þingið lýsti yfir, að lágmarkssamningar yrðu ekki undir 100 þús. kr.

Samþykkt ASÍ-þingsins var því fyrst og fremst gerð í því augna miði að lægja öfriðaröldur innan verkalýðshreyfingarinnar og slá ryki í augu verkafólki. ASÍ-forystan liggur nú sem áður hundflöt fyrir fótum atvinnurekenda og ætlar að semja með tilliti til "greiðsluþols atvinnuveganna" sem þýðir á máli atvinnurekenda, að hámarksgróði auðvaldsins verði fullkomlega tryggður.

Dulbúinn stjórnarliði

Benedikt Kristjánsson einn liðsmanna svokallaðs "Kommúnistaflokks Íslands" lét talsvert ljós sitt skína á Iðjufundinum og mælti eindregið gegn tillögunni um 100 þús. kr. lágmarkslaun. Bar hann fram tillögu um að fundurinn ályktaði, að stjórn Iðju tæki upp kröfu um lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku í komandi kjarasamningum og lýsti þannig yfir trausti á stjórnina, sem nýtur þverrandi virðingar í röðum verkafólks fyrir sviksemi sína við Iðjufólk. Hlaut tillaga B.K. mjög litlar undirtektir á fundinum og greiddu örfáir henni atkvæði.

Þá var borin upp tillaga, þar sem lagt var til að Iðja semdi beint við Félag ísl. atvinnurekenda, en ASÍ hefði ekki samnings umboð fyrir félagið. Margir fundarmanna lýstu stuðningi við þessa tillögu, en stjórn Iðju mælti gegn henni. Var tillagan felld mjög naumlega, enda þótt hún of skammt og voru auk þess á henni ýmsir vankantar.

Starfshættir Alþýðubandalags

Í stjórn Iðju sitja nú fulltrúar flestra pólitísku flokkanna; þetta er dæmigerð "samtryggingarstjórn" á klafa þingflokkanna. Þá má nefna að varaformaður Iðju, Guðmundur Þ. Jónsson situr í Miðstjórn ASÍ, þannig að engan þarf að undra þó að stéttasamvinna ASÍ-forystunnar eigi sér sterk ítök meðal stjórnarmanna í Iðju. Þá hefur mikið borið á því á félagsfundum í Iðju, að stjórnarliðar Alþýðubandalags iðka mjög að koma með frávísunartillögur á tillögur almennra félaga og reyna þannig að bæla allt frumkvæði þeirra í kjarabaráttunni.

Óbreytt verkafólk í Iðju hefur þó sýnt, að það lætur ekki blekkjast af sundrungarstarfsemi flokkspólitísku varðhundanna í félaginu og tekur baráttusinnaða afstöðu. Iðjufundurinn á dögunum sýnir að innan Iðju vex nú stéttarbaráttuöflum fiskur um hrygg og að verkafólk býr sig undir harða baráttu á næstu vikum, til þess að ná fram raunverulegum kjarabótum og halda þeim áfram.

Fasismi á Íslandi

Fasisminn - ógnarstefna borgarastéttarinnar sem hún grípur til, þegar hefðbundið borgaralegt lýðræði dugir ekki til þess að halda baráttu vinnustéttanna innan "hefðbundinna marka" - hann lifir enn víða um veröld. Sama er hvert litið er: Spánn, Chile, Sovétríkin, Indland, Brasilía, Úruguay o.fl. lönd; í öllum þessum ríkjum eru lýðréttindi alþýðu skert stórlega og lögreglu, her og öðrum kúgunartækjum valdhafa beitt miskunnarlaust gegn verkafólki og baráttusinnum. Í V-Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi, Bandaríkjunum o.fl. löndum er gríman að falla af borgaralýðræðinu og fasisminn að gægjast fram. Er þetta tilviljun nú? Nei, síður en svo. Sagan kennir okkur að fasismanum vex fiskur um hrygg í vaxandi kreppuástandi.

Það sem gerði það að verkum að yfirlýst fasísk hreyfing lagðist niður 1939 var ekki það að grundvöllinn skorti, heldur það að fasistum þótti vænlegra til árangurs að ganga í Sjálfstæðisflokkinn og vinna innan hans - enda hafði flokkurinn ætíð stutt hreyfingu fasista með ráðum og dáð.

Í nýútkomnu tímariti Sögufélagsins er ágæt samantekt um nasíska hreyfinguna á Íslandi og er fólk hvatt til þess að kynna sér hana, því hún segir talsvert um rætur og starfsemi þessa pólitíska illþýðis. Þar má á mynd sjá Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra í Reykjavík, Davíð Ólafsson Seðlabankastjóra og fleiri svartnættisafturhaldsmenn þramma í fánaliði nasistanna, Jón Þ. Árnason (útgefanda "Staðreynda") tala á útifundi o.fl.

Nasisminn var fyrst og fremst lagður að velli vegna traustra innviða hinna sósíalísku Sovétríkja undir leiðsögn Stalíns. Fasismi og nasismi eru fjandsamlegar stefnur verkafólki og framsæknum.

Verum á verði gegn fasismanum!

„KOMMÚNISTAFLOKKURINN" REYNIR AÐ FELA SKIPBROT SITT

HVERT STEFNIR „KFÍ/ML"?

Enn ætlar að dragast að markalínur milli marx-lenínista annars vegar og gerfiróttæklinga hins vegar verði sem flestum ljósar.

Stafar þetta ekki hvað síst af tækifærisstefnum og afstöðubreytingum hinna síðarnefndu.

Þeirri aðferð er gjarnan beitt að ýmist er tekin þveröfug afstaða við allt sem áður var - og þá helst hljóðlega mjög - eða menn láta eins og áhorfendurnir séu sjónlausir, heyrnalausir og mállausir.

Hverskonar klofningur?

Klofningur í íslenskum stjórnmálum er fyrst og fremst klofningur milli stjórnmálaafla höfuðstéttanna - auðstéttarinnar og verkalýðsstéttarinnar.

Þann klofning ber ekki að harma. Hann er ósættanlegur og eðlilegur. Stjórnmálastefna verkalýðs og alþýðu er þegar allt kemur til alls aðeins ein. Marx-lenínismin stendur því í andstöðu við allar tegundir borgaralegra stefna, hvort sem bær dyljast á bak við "marxíska" frasa eða ekki. Markalínan milli verkalýðsstefnu og borgaralegrar stefnu skipar sumum samtökum án vafninga á hillu með afturhaldi.

Hún getur svo skipt öðrum í tvær herbúðir. Og í raun má líka finna átök milli hinna tveggja stefna í öllum baráttusamtökum. Þar skiptir öllu máli hvor er ráðandi.

Í rás stéttabaráttunnar verður fyrrnefnd markalína æ ljósari. Kommúnísk samtök og síðar flokkur hasla sér völl sem einu raunverulegu stjórnmálasamtök verkalýðsins.

En þróunin verður ekki sjálfkrafa. Marx-lenínistar vinna skipulega að flokksbyggingunni og berjast gegn henti- og endurskoðunarstefnu til þess að afhjúpa hana og útrýma henni.

Af þessu má ljóst vera að EIK(m-l) harma hvorki klofning milli verkalýðssinnaðra og borgaralegra afla, klofning innan borgaraaflanna né heldur láta samtökin af baráttu fyrir því að brjóta marx-lenínismanum leið gegnum falsmarxismann sem hefur tröllriðið verkalýðshreyfingunni hér í 30-40 ár.

Klofningur "KSML-KFÍ/ML"

"Kommúnistasamtökin" og flokkur þeirra "KFÍ/ML" voru aldrei né eru marx-lenínísk samtök.

Endurskoðunarstefnan (fálsmarxisminn) og þar með borgaraleg afstaða hefur ávallt verið þar ráðandi. Hins vegar átti marx-lenínisminn þar innangengt. Um tíma sótti hann nokkuð á í samtökunum.

Í þessu ljósi ber að skoða sögu "KFÍ" hópsins. Þrisvar hefur hann klofnað. Fyrst voru menn reknir fyrir hægri villur. Síðar hrutu frægir "vinstri" - páfar úr samtökunum fyrir ofurróttækni og loks yfirgáfu samtökin marx-lenínistar og aðrir sem standa þeim nærri. Þetta er í samræmi við baráttureynslu sögunnar.

Samtök hentistefnu og falsmarxista falla um síðir.

Síðasti klofningur "KFÍ/ML" stafaði af því að þegar marx-lenínisminn efldist meðal allmargra félaga flokksins, komust þeir í ósættanlega andstöðu við meirihluta forystunnar.

Alls konar sögusagnir, brotthlaupskenningar tilbúnar ásakanir og fleira á hendur þeim sem út gengu og forystan hefur á takteinum, breytir engu um staðreyndir. Innan "KFÍ/ML" var og verður ekkert lýðræði né virkt miðstjórnarvald. Pólitískur ruglandi lamaði og lamar allt starf og ævintýraáætlanir voru og eru aðalsmerki hópsins.

Það er því út í hött að taka mark á síðfri "KFÍ/ML" nú um að EIK(m-l) styðji "klofning marx-lenínískrar hreyfingar" og"fagni hentustefnumönnunum".

EIK(m-l) vita ofurvel að "KFÍ" er nú fyrir fullt og allt í höndum skemmdarverkamanna. Flokksins bíður ekkert nema auðnin. Jákvæð afstaða til fyrrverandi félaga "KFÍ/ML" og andstaða EIK(m-l) við "KFÍ/ML" er rökrétt afstaða - liður í ósættanlegri baráttu við henti- og endurskoðunarstefnu í öllum hennar myndum.

Sáttatilboðið.

EIK(m-l) hafa nú álit "KFÍ/ML" forystunnar á samtökunum skjalfest á marga vegu. Útávið hefur flokkurinn stimplað EIK(m-l) sem bæði marx-lenínísk og "klofningssamtök". Innáv við hefur forystan og margir félagar rægt og fyrirlitið EIK(m-l).

KSML og "KFÍ/ML" hunsuðu hvert samvinnutilboð EIK(m-l) á fætur öðru - t.d. í kjarabaráttu, landhelgismálinu, fræðilegri umræðu og andheimsvaldabaráttunni. Ávallt er þó slíkt falið innáv við sem útáv við. Í þeim fáu tilvikum sem samstarf hefur tekist var það vegna þess að hópurinn taldi sig geta aflað sér álits, (sbr. 1. maí s.l.)

Þegar KSML fékk flokkshugmyndina sumarið 1975 hófst nýr þáttur baráttunnar. Þá stefndu KSML að því að gera EIK(m-l) óvirk og/eða ná sem flestum félögum með í flokk sinn.

Allt tal um "sameiningu" var einungis sýndarmennska.

Eftirtalin atriði styðja þetta:
- EIK(m-l) hafa gefið út mikið efni um stefnu "KSML/KFÍ/ML".

frh. bls. 4

utan úr heimi

Úr Sujumut

Sujumut er framsækin grænlensk hreyfing sem berst fyrir frjálsu Grænlandi.

Hér er greinarkorn úr samnefndu málgagni, Sujumut eftir einn helsta forystumann hreyfingarinnar, Moses Ólsen.

Auðvelt er að kaupa Sujumut í áskrift. Blaðið birtir danska þýðingu á öllum greinum.

Verkalýðsblaðið hvetur lesendur til að kynna sér mál grænlenskrar alþýðu.

Skrifið til: Sujumut, Box 357 3900 Nuuk, Kalatdlit - Nunane, Grænland.

Grænland: Við gefumst aldrei upp !

U.þ.b. 300 manns tóku þátt í mótmælaaðgerðum í Nuuk á Grænlandi mánudaginn 1. nóvember s.l. Mótmælin voru gerð í sambandi við það að þá hófst fundur heimastjórnarráðsins í Kaupmannahöfn. Markmið mótmælanna var að undirstrika það að Grænland og auðæfi þess eru eign grænlensku alþýðunnar.

Formaður Sujumut Nuuk, Moses Ólsen, hélt ræður á fundinum, sem haldinn var á aðgerðunum. Verkalýðsblaðið birtir hér kafla úr ræðu Moses Ólsen:

" Meðlimir heimastjórnarráðs kjósa augsýnilega helst að halda fundi sína í hinum heitari hluta ríkisins. En eins og á hverju ári í árþúsundir erum við að hverfa inn í vetrarmyrkrið. Umhverfið verður allt hryssingslegra. Það verður enn hættulegra að uppskera úr hafinu lifandi auðæfi þess til viðhalds lífinu. Þeir eru öfáir sem snúa ekki aftur eftir veiðidag.

Þannig hafa lífskjörin verið fyrir íbúa Grænlands í ótal kynslóðir.

Á mörkum hins byggilega heims hafa forfeður vorir lifað af, sigrast á hverjum vetrinum á fætur öðrum, í landi þar sem aðrir kynstofnar hafa orðið að gefast upp. Það er dýrkeypt land sem þeir hafa látið okkur eftir. Það hefur kostað líf margra góðra manna, syni ótal mæðra, ennþá fleiri feður og mæður barna. Í sannleika blóð svita og tár.

Það er þess vegna sem við, erfingjar þessa lands, köllum það með virðingu og stolti og án skammar: NUNARPUT - landið okkar.

Það er alveg sama hversu margir prófessorar og sérfræðingar, ráðherrar og sendisveinar, segja okkur hið gagnstæða, við munum halda áfram að segja: ÞETTA ER OKKAR LAND !

Þegar við tölum um eignarrétt landsins lítum við ekki á það sem verslunarvöru.

Þegar við tölum um eignarréttinn þá hugsum við ekki í krónum og aurum. Fyrir okkur er þetta fyrst og fremst spurning um frumrétt okkar til að vera herrar í eigin húsi.

Sagan sýnir okkur líka, að við höfum aldrei meinað nokkrum aðgang að auðæfum lands okkar. Útlendingar hafa einfaldlega tekið sér þau réttindi.

Einu sinni gáfu hvalir okkar af sér olíu á lampa Evrópu - þangað til hvölunum var útrýmt.

Útlandið hefur tæmt fiskimiðin okkar af hverri fiskitegundinni af annari fyrir framan nefið á okkur.....

Nú þegar er hafin rányrkja á rækjustofnum okkar.

Það er milljóna króna gróði á námarekstri í Marmorilik. Siglt er með umtalsverð auðæfi burt frá Grænlandi ár eftir ár, á sama tíma og grænlensku vinnuafli er borgað minna en útlendu liði.

Þess vegna er það ekki nema von að við krefjumst þess að þetta verði stoppað og leggjum fram eftirfarandi kröfur:

1. Að Kalatdlit - nunat og æfi þess tilheyri hinum fastbúandi íbúum. Og fastbúandi íbúar eru allir þeir sem samþykkja að lifa við lífskjör og skilyrði þessa samfélags í dag og í framtíðinni.
2. Að vinnsla allra auðæfa, lifandi sem úr málmi eða steini, skuli vera ákveðin og henni stjórnað af íbúunum í Kalatdlit-nunat.
3. Að Danmörk fari eftir Sameinuðuþjóða-samþykktinni frá 16. des. 1966, þar sem stendur m.a. að allar þjóðir geti í eigin tilgangi ráðið frjálst yfir náttúrulegum auðæfum og auðlindum sínum."

Verkalýðsblaðið styður af heilum hug baráttu grænlensku alþýðunnar fyrir sjálfráðarétti sínum. Vonum við að við fáum mjög fljótlega að vita meira um baráttuna.

NJÓSNAMÁLIÐ Í NOREGI:

Í fótspor Hitlers

Miklu moldviðri hefur verið þyrlað upp í kring um njósnamálið mikla í Noregi á dögunum, þegar handtekin var norsk kona, starfsmaður í utanríkisráðuneytinu, en hafði hún haft sambönd við sovéska sendimenn í Noregi í mörg ár, og veitt þeim upplýsingar um ýmis innanríkismál.

Morgunblaðið notar tækifærið og upphefur enn einu sinni andkommúnísku áróður sinn og notar njósnamálið til þess að klípa í Alþýðubandalagið.

Þjóðviljinn tvístígur, ver njósnirnar óbeint og bendir Mogganum á að kanar séu ekkert skárri, þeir njósni líka í mörgum löndum. Bæði blöðin og flokkarnir sem að baki þeim standa eru málpípur heimsvaldastefnunnar á Íslandi og réttlæta hvort um sig njósnir "síns" risaveldis. Mogginn er viðurkenndur sem mesta og besta málpípa þandarísku heimsvaldastefnunnar í Evrópu og þó víðar væri leitað, en Þjóðviljinn - sem nýtur beins fjárstuðnings frá A-Evrópu - hyllir heimsvaldastefnu og fasisma Sovétríkjanna, sem rekinn er í nafni sósíalisma.

Vbl. vill vekja athygli á eftirfarandi í þessu sambandi:

1. Njósnir Sovétríkjanna í Noregi og öðrum löndum (líka á Íslandi), eru liður í áætlun þeirra til þess að ná heimsyfirráðum. KGB - leyniþjónustan er sú stærsta sinnar tegundar um allan heim., og breiðir net sitt um allt.
Sovétríkin eru vaxandi og gráðugt stórveldi og Noregur er mikilvægt svæði fyrir þau, það sannar m.a. yfirgangspólitík þ.e. þeirra í Barentshafi.
2. Þegar nasisminn var í uppgangi á 4. áratugnum var mikilvægur liður í heimsyfirráðapólitík hans einmitt njósnir, flugumenn á ýmsum stöðum og fleira. Einmitt saga Noregs sýnir, að þegar þýsku nasistarnir gerðu innrás í Noreg, þá voru þar fyrir þúsundir norskra flugumanna á vegum nasistanna, sem unnu fyrir innrásarseggina. Slíkt "kerfi" eru Sovétríkin nú að byggja upp og CIA á voldugt kerfi fyrir sig.
3. Bandaríska leyniþjónustan CIA hefur staðið að baki alls kyns aðgerðum í öðrum löndum allt frá því að seinni heimstyrjöldinni lauk. Af löndum sem fasismi hefur sigrað í og/eða bandaríska heimsvaldastefnan hefur lagt undir sig má t.d. nefna CIA-valdarán í Guatemala (1954), Chile (1973), Thailand (1976), og auðvitað Víetnam og Kampuchea í þeim löndum hefur alþýðan síðan unnið sigur á bandarísku heimsvaldastefnunni og gert upp við leppa þeirra.
4. Bæði CIA og KGB stunda njósnir á Íslandi, bæði pólitískar og sú síðarnefnda einkum iðnaðarnjósnir. Sovét þarf að auka hratt þekkingu sérfræðinga sinna á iðnaði og tækni, til þess að standa vel að vígi í styrjaldarátökum þeim sem þau búa sig öumdeilanlega undir. Pólitísku njósnirnar eru þó höfuðhlið starfsemi þeirra, líkt og hjá CIA. KGB stundar t.d. skrásetningu á íslenskum kommúnistum og framsæknum með dyggri aðstoð ýmissa forystusauða Alþýðubandalagsins.
5. Njósnamálið í Noregi er engin skyndileg "uppákoma", líkt og borgarapressan hefur slegið því upp. Starfsemi KGB í Noregi og á Íslandi heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist, enda eru njósnir mikilvægur liður í stríðsundirbúningnum.

Síðustu atburðir í Noregi staðfesta aðeins að Sovétríkin feta í fótspor Hitlers-Þýskalands og Bandaríkjanna.

Svipmyndir úr sögu fjöldabaráttu

Samtökin gegn lokun mjólkurbúða afhenda hér forstjóra Mjólkursamsölunnar undirskriftir 17.500 neytenda sem mótmæltu lokun búðanna.

Samtökin gegn lokun mjólkurbúða gengust fyrir kröfugöngu og mótmælafundi gegn lokun mjólkurbúðanna í Austurbæjarbíói. 350 tóku þátt í aðgerðunum.

Elín Björg Sigurðardóttir mjólkurbúðarkona spurði í ræðu sinni: "Sefur ASÍ-forystan?!" Með henni á myndinni er Pétur Pétursson fundarstjóri.

Hér afgreiðir Lóló síðustu viðskiptavinina í búðinni á Laugateignum. Á myndinni má sjá glitta í túlípanavönd, sem þeim Lilju og Lóló var færður af föstum viðskiptavinum búðarinnar.

31. janúar, síðasta daginn sem mjólkurbúðarkonur sóttu vinnu í búðir Mjólkursamsölunnar, gengust Samtökin gegn lokun mjólkurbúða fyrir mótmælastöðu utan við Alþingishúsið og Samsöluna.

Mjólkurbúðum lokað 31. janúar 1977

"Það skal enginn geta drepið mig, hvorki Samsalan né atvinnuleysið", varð Ída Mikaelsen að orði, þar sem hún stóð og hélt í kröfuborðann í nepjunni sem var á lokunardaginn. Ída er einstæð móðir með tvö börn og ein þeirra fjölmörgu mjólkurbúðarkvenna sem berjast í bökkum við að greiða niður íbúðir.

Enn er allt á huldu um það hver verður framtíð stéttarfélags kvennanna - ASB - sjóða þess og lífeyrissjóðsins. Hallveig formaður Einarsdóttir hefur brotið lög félagsins og ekki haldið fundi einu sinni í mánuði, svo sem lög gera ráð fyrir. Nú nýlega söfnuðu baráttukonurnar í ASB undirskriftum meðal félagskvenna og kröfðust fundar í félaginu.

„Kommunistaflokkurinn" ...

Frh. af bls. 2

Nær engu af því hefur verið svarað í nærri 2 ár.
- "KSML" sniðgengu skilyrði EIK(m-l) fyrir flokksstofnun, (pólitísk, skipulagsleg og baráttustefnueining), "KSML" vildu sameinast um það sem hægt væri að sameinast um!
- "KSML"- forystan sveikst um að gera félögum sínum grein fyrir fjórum umræðufundum milli samtakanna í ársbyrjun 1976 um sameiningu.
- "KFÍ/ML" hunsaði sameiningargrundvöll EIK(m-l) sem gefinn var út í september 1976. Hann var ekki ræddur meðal félaga flokksins né heldur var honum svarað.
- "KFÍ/ML" svaraði ekki opnu bréfi í Verkalýðsblaðinu (des. '76), þar sem beðið er um ákveðin svör við spurningum.

Þetta er skiljanlegt þegar þess er gætt að "KFÍ/ML" er ekki marx-lenínískur flokkur. Forystan óttast stefnu EIK(m-l) og að í raun og veru vildi hún afgreiða EIK(m-l) sem skemmdarverkaklíku.

En um leið og flestir framsæknustu félagar "KFÍ/ML" sögðu sig úr flokknum og höfu baráttu gegn honum, var söðlað um í flýti og upphafinn sameiningarsöngur enn á ný.

Dregin er fram gömul samþykkt EIK(m-l) og "KSML" (frá apríl 1975). Hún tjáir vilja beggja samtakanna til að vinna að sameiningu.

Reynslan sýnir að það hafa EIK(m-l) gert. En "KFÍ/ML" notar ályktunina til að ásaka EIK(m-l) um að hafa brotið hana og reynir að breiða yfir eigin afstöðu til sameiningarmálanna. Öllu tómlæti gagnvart sameiningarbaráttu EIK(m-l) er gleymt og sameiningunni slegið stórt upp í Stéttabaráttunni. Beðið er um sameiningarráðstefnu í sumar (!) og spurt: - Hvað vill EIK(m-l)? Spyr sá sem ekkert þykist vita.

Með þessu vonast "KFÍ/ML" - forystan til að geta blekkt félaga, stuðningsmenn og hluta almennings. Með þessu vonast forystan að til geta stimplað EIK(m-l) sem "klofningshóp" þegar EIK(m-l) endurtekur fyrri afstöðu og lætur ekki af réttri stefnu.

En eins og aðrar tilraunir til að fegra ytra borð "KFÍ/ML" mun þessi duga skammt. Það sem að baki býr stenst hvorki raunveruleikann, kröfur stéttabaráttunnar né stefnufestu marxlenínista.

Hvað vill EIK(m-l)?

Sameining íslenskra marxlenínista til uppbyggingar kommúnistaflokksins er og verður stefna EIK(m-l).

Í Verkalýðsblaðinu var tekin afstaða til "KFÍ/ML" - 1.tbl. '77: -"KFÍ/ML" er endurskoðunarsinnaður hentistefnuflokkur. Við hann verður hvorki samvinna né viðræða -

Hún mun standa þar til:
1. "KFÍ/ML" hefur gert upp við fyrri villur og forsögu sína.
2. "KFÍ/ML" hefur samþykkt sameiningargrundvöll EIK(m-l)í höfuðatriðum.
3. "KFÍ/ML" viðurkennir að EIK-(m-l) séu marx-lenínísk samtök og stofnun þeirra hafi ekki verið klofningsaðgerð, heldur jákvæð framsókn marx-lenínismans.
4. "KFÍ/ML"svarar opnu bréfi úr Verkalýðsblaðinu 12. tbl. '76.

Þá fyrst eru EIK(m-l) reiðubúin til umræðna eða ráðstefnuhalda.

Að lokum: EIK(m-l) hafa barist málefnalega við "KFÍ/ML". Nú reynir á "KFÍ/ML" að heyja baráttuna úr sínu vígi á sama hátt. EIK(m-l) eru hvenær sem er reiðubúin til orðaskifta á almennum fundum um afstöðu sína.

Ólafur Kristjánsson ...

frh. af bls. 1

af með svo litlar tekjur. Það er annað með okkur sem erum komin á þennan aldur og kommst af með minna!

Kaupið hjá okkur við höfnina er 517.50 kr. frá 1. febrúar í dagvinnu og 724.50 í eftirvinnu. Ég borga af því tæpar 900 kr. á viku í lífeyrissjóð og 266 kr. til Dagsbrúnar. Reyndin hefur orðið sú að nætur- og yfirvinna hefur dregist stórlega saman, sé miðað við það sem tíðkaðist fyrir 2 árum. Þá unnum við alltaf fram til 7 á kvöldin og oft á laugardögum og jafnvel á sunnudögum líka. Nú gerist það aldrei að unnið sé um helgar og hrein hending er orðin að unnin sé eftirvinna. Ég hef unnið að meðaltali í tvo eftirvinnutíma á viku í janúar, þannig að upphæðin sem ég fæ í launaumslaginu mínu hefur ekki verið há upp á síðkastið. Ég held að það verði mikið vandamál innan skamms tíma hve fátt ungt fólk kemur til starfa með okkur við höfnina. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú, að ungt fólk getur ekki komist af með dagvinnuna eina saman og leitar sér að einhverri vinnu þar sem tekjumöguleikar eru meiri. Menn fara frekar að Sigöldu eða á sjóinn til þess að reyna að hafa ofan í sig og á, en að fara í vinnu þar sem menn lafa í þetta 20 þúsundum fyrir vikuna.

Óánægður með sérsamningana

- Ég held að þá verði mikil harka í kjarabaráttunni í maí, þegar samið verður. Ég var ósammála samningi til 1. maí þegar hann var gerður á sínum tíma, þar sem mér fannst mun heppilegra að samningar rynnu út fyrr á vetrinum. 1. maí er loðnuvertíðin líklega búin og þá er erfiðara að beita atvinnurekendur þrýstingi með því að stöðva flotann.

Annað er það sem ég vil nefna og það er það, að ég er mjög óánægður með sérsamninga þá sem gerðir voru fyrir okkur við höfnina og sem voru svo að hluta til teknir inn í aðalsamningana í fyrra. Ég var mjög mótfallinn því að þessir sérsamningar væru festir þannig. Þessir sérsamningar innihéldu meðal annars það, að kaupið okkar hækkaði um 16%, með því skilyrði að við tækjum sérstakt námskeið. En þessir sérsamningar kváðu einnig á um að kaffitíminn okkar var færður til. Hann var áður kl. 3.30 um miðjan daginn, en var færður til kl. 4.40. Þannig er kaffitíminn núna, en hjá Eimskip og Hafskip hafa sinn kaffitíma eins og hann var. Mönnum finnst kannski að þetta sé minni háttar atriði, sem engu höfuðmáli skipti fyrir okkur. Ég bendi hins vegar á það, að þegar vond veður eru, þá getur það verið erfitt fyrir mennina sem vinna á hafnarbakkanum að standa þar án mikillar hreyfingar samfellt frá kl. 1 til 4.40.

En þó sérsamningarnir séu slæmir núna, þá voru þeir þó enn verri þegar þeir voru bornir undir okkur fyrst. Það var gert á fundi í Iðnó og þar komu þeir Eðvarð og Guðmundur J. til þess að skýra út samningana. Útkoman varð sú að samningarnir voru kolfelldir og þá voru þeir í Dagsbrúnarforystunni greinilega svekktir. Þetta var að ég held einn af fyrstu skellunum sem þeir hafa fengið í Dagsbrún.

"Þeir eru löngu innsiglaðir"

Þeir tóku af mér heil 8 þús. til Dagsbrúnar á síðasta ári og fyrir þá peninga finnst mér að við ættum rétt á að fá harða og dugmikla forystu í félagið. Það er hins vegar ekki raunin. Atvinnurekendur eru fyrir löngu búnir að innsigla þessa menn sem eru í verkalýðsforystunni. Það er ekki nóg að segja að hann Guðmundur J. hafi verið "harður einu sinni", því öllu máli skiptir að við höfum dugmikla forystu nú, forystu sem við getum treyst fyrir okkar málum.

Að skammta úr hnefa

Ég er algerlega á móti því að Alþingi fjalli um okkar kaup og kjör. Ég skil ekkert í Alþýðuflokknum að vera að bera fram tillögu á þingi um lögbindingu kaups, því fordæmi sem þannig skapaðist gæti orðið til þess að einhvern tíma yrði kaupið "fryst" eða jafnvel lækkað með lögum. Ég hélt nú að Alþýðuflokkurinn færi ekki að berjast fyrir svona málum, flokkur sem telur sig vera "verkalýðsflokk". Hann er sannanlega ekki svipur hjá sjón, miðað við það sem hann var þegar Ólafur Friðriksson og hans líkar voru í forystunni.

Ráðherrar og frystihúskonur.

Mér sýnist allar aðgerðir stjórnvalda miðast að því að ná sem mestu í ríkiskassann - alveg sama hvaða flokkar það eru. En það erum við, verkafólkið, sem mest verðum fyrir barðinu á kjaraskerðingunni. Frystihúskonur bera oft hærri skatta en ráðherra! - það segir ekki lítið um ástandið í þjóðfélaginu. Við þurfum að hreinsa til hjá okkur og það strax. Við þurfum að fá unga og baráttuglaða menn í forystu stéttarfélaganna. Það finnst mörgu fólki útlitið vera svart núna og við heyrum um marga sem eru að hugsa sér til hreyfings og fara úr landi. En hlutunum er vissulega hægt að breyta og samstaða verkafólks í kjarabaráttunni mun vissulega breyta myndinni.

Hjúkrunarfræðingar ...

frh. af bls. 1


ÞJÓÐVILJINN
En á sjúkrahúsum borgarinnar er ófriðurinn þó langt í frá úti. Nú eru hjúkrunarfræðingar sem heimta hærri laun og munu þeir segja upp og hætta vinnu ef ekki verður samið við þá. Biðja þeir um níu launaflokka hækkun.
—gsp.

Stuðningur Þjóðviljans við verkafólk er sérstæður eins og fyrri daginn.

faldlega hefði girt fyrir möguleika þeirra til þess að vinna utan heimilisins, enda allt að tveggja ára bið á dagvistarstofnunum í Reykjavík. Af þessari baráttu röntgentæknanna má því læra, að atvinnurekendur svífast einskis til þess að brjóta á bak aftur kjarabaráttu verkafólks, enda kemur ríkisvaldið til móts við þá með því að reyna að skerða stórkostlega lagalegan rétt verkafólks til aðgerða í kjarabaráttunni (Vinnumálalöggjöfin nýja).

Hjúkrunarfræðingar segja upp.

Nú hafa hjúkrunarfræðingar á þremur spítölum í Reykjavík sagt upp störfum og munu leggja niður störf 1. apríl, hafi ekki náðst samningar um kröfur þeirra fyrir þann tíma. Kröfurnar eru í meginatriðum þær, að lágmarkslaun verði um 136 þús. á mánuði í stað 100 þús. sem nú er. Segja hjúkrunarfræðingar að lág laun þeirra séu ein meginorsök fyrir skorti sem nú er á hjúkrunarfræðingum, enda starfið bindandi og erfitt.

Magnús Óskarsson vinnumálastjóri Reykjavíkurborgar hefur reynt að gera baráttu hjúkrunarfræðinga tortryggilega í fjölmiðlum, en þáttur hans í baráttu ríkis og borgar gegn röntgentæknum hefur vakið mikla athygli. Magnús hefur "reiknað út" með frægum reikningskúnstum sínum, að krafist sé 190 þús. kr. í mánaðarlaun fyrir hjúkrunarfræðinga og lygar hans og rangtúlkanir virðast njóta stuðnings úr ýmsum "óvæntum áttum". Til dæmis hefur Þjóðviljinn, "málgagn verkalýðs og sósíalisma" farast mjög yfir því að hjúkrunarfræðingar skuli vera að því að "heimta hærri laun"! Betur getur þetta málgagn Alþýðubandalagsforystunnar ekki afhjúpað þýlyndi sitt við atvinnurekendur og ríkisvald þeirra.

Mikilvægt er nú að hjúkrunarfræðingar skipuleggi sína kjarabaráttu með það í huga að yfirvöld muni beita öllum brögðum til þess að eyðileggja hana. Það sýnir barátta röntgentæknana ljóslega. Fordæmi hjúkrunarfræðinga er verkafólki mikilvægt og því ber að styðja baráttu þeirra. Þegar hafa heyrst raddir úr herbúðum ASÍ-forystunnar sem segja að kröfur hjúkrunarfræðinga séu "of háar og því sundrandi". Þetta er beinn sundrungaróður og þjónar aðeins auðvaldinu. Atvinnurekendur og ASÍ-forystan halda óspart á lofti að "hærri laun eins hóps þýði aðeins lægri laun hinna". Þannig líkja þeir "þjóðartekjunum" (gróðanum) sem köku, sem verkafólk skipti á milli sín: stór sneið einna þýðir smærri sneiðar annarra! Staðreyndin er hins vegar sú, að atvinnurekendur hræðast framsæknar kröfur, líkt og þær sem hjúkrunarfræðingar bera fram, fyrst og fremst vegna þess að þær miða að því að skerða gróðahlutfall þeirra.

Segjum samningum upp strax!

frh. af bls. 1

lega ekki lægri en eftir febrúarsamningana 1974, þ.e. 67% af framfærslukostnaði vísitölufjölskyldunnar. Þetta táknar í dag, að lægstu laun verða að vera ríflega 100 þús. kr., og komi þessi kauphækkun öll í einu, en ekki sem áfangahækkun.

b) Kaup verði vísitölubundið og komi vísitöluhækkunin mánaðarlega, sem jöfn krónutala ofan á öll laun, miðað við hækkun framfærslukostnaðar á sama tíma. Verkafólk verður að gera sér grein fyrir að gagnslítið er að semja um kauphækkun, ef blekkingarleikurinn með rauðu strikin á að halda áfram.

c) Samningunum verði sagt upp strax, þannig að kaupránið magnist ekki enn fram á sumar. Heimild er fyrir því í síðustu kjarasamningum, að ef gengisbreytingar verði "verulegar", þá megi segja upp samningunum. Á þessum tíma hefur gengissig orðið a.m.k. 13%.

ASÍ hafi ekki samningsvaldið í sínum höndum!

En það eru fleiri atriði sem verkafólk verður að taka upp baráttu fyrir og þau skipta jafnvel meira máli, heldur en hinar beinu kjarakröfur. Í fyrsta lagi verður að koma í veg fyrir að ASÍ-forkólfarnir fái samningsvaldið í sínar hendur, en velflestir forystumenn í stéttarfélögum beita sér fyrir að svo verði. Jafnframt verður að búa svo um hnúta, að samninganefndum verði óheimilt að semja um annað en það sem félagsfundir ákveða, eins og ákveðið var á nýafstöðnum félagsfundi Iðju, sem er getið annars staðar í blaðinu. Jafnframt verður að skylda samninganefndirnar til að greina frá því sem gerist á samningafundunum í stað þess að fara með það sem gerist líkt og mannsmorð.

Í öðru lagi verður verkafólk að berjast gegn afskiptum ríkisvaldsins af gerðum samningum og samningagerðinni sjálfri. Það sést hversu mikil fásinna það er að halda því fram, að ríkisvaldið sé hlutlaust, eða geti tekið afstöðu með verkafólki. Þegar það er skoðað, hvað þessi afskipti hafa innihaldið. Þau hafa einungis komið fram sem árásir á verkafólk í formi bráða birgðalaga um kaupbindingu eða kauplækkun, afnám vísitöluþóta eða bann við verkföllum. Og ríkisvaldið er engu betra, þó við völd sé "vinstri" stjórn, eins og kom sérstaklega fram þegar "vinstri" stjórn ÓJ afnam vísitölubætur á laun vorið 1974. Þjóðviljinn heldur því fram að önnur stétt hafi tekið völdin er núverandi ríkistjórn tók við. Ekki varð þó sjáanleg mikil breyting á mannaskipan í embættisbákni ríkisvaldsins. Það hefur ævinlega verið svo, að ríkisvaldið hefur þjónað einni ákveðinni stétt og hér þjónar það og er hluti af öflugasta hluta auðstéttarinnar, einokunarauðvaldinu, sem t.a.m. SÍS og Flugleiðir tilheyra.

Í þriðja lagi verður verkafólk að taka virkan þátt í baráttunni gegn þeim samherjum auðvaldsins í verkalýðshreyfingunni, sem forysta stéttarfélaganna er víðast orðin. Það verður að skipuleggja sig til baráttu í stéttarfélögum í sínum og á vinnustöðunum. Það er gömul og ný saga, að ósigrar í baráttu skapast oft af forystuleysi. Við skorum á verkafólk að taka þátt í uppbyggingu þess verkalýðsflokks, sem EIK(m-l) ætlar sér að byggja upp og taka þátt í þeirri baráttu sem samtökin munu beita sér fyrir gegn stéttasamvinnunni í stéttarfélögunum og á vinnustöðunum.

Að vel til takist með hin síðarnefndu þrjú atriði, er forsenda þess að verkafólk fari að sjá verulegan árangur af baráttu sinni.

Ásakanir "KFÍ/ML"

Hentistefnuhópurinn sem kallar sig Kommúnistaflokk Íslands hefur ásakað EIK(m-l) um að vera erindreka ASÍ - forystunnar vegna þess að sú kaupkrafa, sem EIK(m-l) telur rétta við núverandi aðstæður er svo til samhljóða samþykkt ASÍ-þingsins um það mál. Gegn þessu leggur KFÍ-hópurinn fram kröfuna um "lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku". Við viljum segja eftirfarandi um afstöðu okkar annars vegar og áðurgreinds hóps hins vegar.

1. Stéttasamvinnuforystan er á móti þessari kröfu eins og kom fram á nýafstöðnum Iðjufundi. ASÍ-forystan samþykkti kröfuna á ASÍ - þinginu til að halda andlitinu gagnvart þeirri miklu óánægju sem fram hefur komið hjá verkafólki með frammistöðu hennar.

Forystan ætlar sér ekki að standa við þessa kröfu frekar en fyrir ári síðan.

2. Náist þær kröfur fram, sem EIK(m-l) setur fram, táknar það umtalsverða kauphækkun eða um 50%. (Sjá einnig það sem sagt er um kröfugerð fremst.)

3. Fulltrúar KFÍ-hópsins gefa áðurgreindri kröfu sinni ekkert innihald og virðast ekki vita sjálfir hvað hún táknar. Einn helsti verkalýðsmálafrömuður "flokksins" Benedikt Kristjánsson, sagði að hún þýddi sambærileg laun við það sem er á hinum norðurlöndunum!

4. Tákni þessi krafa sömu upphæð og framfærslukostnað vísitölufjölskyldunnar, þ.e. ríflega 150.000 kr. er hún augljóslega sundrandi því hver heilvita maður sér að hreyfingin er ekki í stakkinn búin til að ná þeirri kröfu fram og það viðurkenna þeir reyndar sjálfir.

5. EIK(m-l) telur þessa kröfu vera eina af stefnukröfum hreyfingarinnar og er ekki andstæð henni sem slíkri, en telur hana alranga sem dægurkröfu nú. Þetta er þó alls ekki mikilvægasta stefnukrafan. Mun mikilvægari er t.a.m. "Gegn stéttasamvinnustefnunni. Gerum stéttafélögin að baráttutækjum".

"Til að framkvæma "bolsévíseringuna" (hersluna) verða ákveðin skilyrði að vera uppfyllt, því án þeirra er herslan orðin tóm.

1. Nauðsynlegt er að flokkurinn líti ekki á sig sem tannhjól í kosningavél þingræðisins eins og kratar gera í raun. Ekki heldur sem vikapilt fyrir stéttar félögin eins og sumir fagfélagshyggjumenn og stjórnleysingar gera. Hann verður að líta á sig sem æðsta stig skipulags öreigastéttarinnar, er veita á öðrum skipulagsformum öreiganna forystu - talið frá stéttarfélögum til þingflokka.

2. Nauðsynlegt er að flokkurinn og sérstaklega forysta hans hafi fullt vald á byltingarfræðum marxismans í órofa tengslum við byltingarstarfið.

3. Nauðsynlegt er að flokkurinn setji ekki fram kröfur og dagskipanir á grundvelli utanaðlærðra fyrirsagna og sögulegra dæma, heldur sem afleiðingu vandlegrar greiningar á aðstöðu byltingarhreyfingarinnar. Það á jafnt við um þjóðlegar sem alþjóðlegar aðstæður þar eð taka verður mið af byltingunni í öllum löndum.

4. Nauðsynlegt er að flokkurinn reyni réttmæti krafna og dagskipana í byltingarsinnaðri baráttu.

5. Nauðsynlegt er að allt starf taki mið af byltingarsinnuðum starfsstíl, sérlega ef hefðir kratismans (umbótastefnan) eru ekki yfirunnar. Þetta er sammerkt því að hvert skref og hver aðgerð flokksinsýti undir aukna byltingarvitund fjöldans, auki þekkingu verkalýðsfjöldans og ali hann upp í baráttuanda.

6. Nauðsynlegt er að flokkurinn geti samtvinnað stefnufestu (má ekki taka fyrir einangrunarstefnu) og góð tengsl við fjöldann (má ekki taka fyrir ósjálfstæði). Annars er ekki einungis ókleift að kenna fjöldanum, heldur einnig læra af honum. Annars er ekki einungis ókleift að leiðbeina fjöldanum og tengja hann flokknum, heldur einnig að hlusta á raddir fjöldans og sjá hverjir hagsmunir hans eru.

7. Nauðsynlegt er að flokkurinn geti samtvinnað ósættanlega byltingarstefnu (má ekki taka sem ævintýramennsku) og lipurð, ásamt fjölbreyttum starfsaðferðum (má ekki taka sem eftiröpun). Annars er flokknum ókleift að ráða yfir öllum baráttu- og skipulagsformum svo ekki sé minnst á að tengja dægurhag öreiganna við undirstöður öreigabyltingarinnar og tengja leynilega og opinbera baráttu í starfinu.

8. Nauðsynlegt er að flokkurinn feli ekki villur og hræðist ekki gagnrýni. Hann verður að betrumbæta og ala upp félaga sína þannig að þeir losi sig við galla.

9. Nauðsynlegt er að flokkurinn skipi bestu liðsmönnum sínum í forystuna - þeim forystumönnum úr baráttunni sem geta verið sannir fulltrúar fyrir framsókn byltingarsinnanna, og eru það reyndir að þeir geti orðið leiðtogar í öreigabyltingunni og notað stjórnlist og baráttuaðferð lenínismans.

10. Nauðsynlegt er að flokkurinn bæti kerfisbundið einingar sínar með tilliti til stéttaruppruna liðsmanna. Hann verður að losa sig við hentistefnufólk er veldur upplausn, þannig að hann geti orðið heilsteyptur.

11. Nauðsynlegt er að flokkurinn þrói með sér járnharðan öreigasinnaðan aga, sem er byggður á sameiginlegri afstöðu, sameiginlegu takmarki hreyfingarinnar, einingu í starfi og fullri vitneskju um verkefni flokksins.

12. Nauðsynlegt er að flokkurinn kanni kerfisbundið hvort samþykktir og dagsskipanir hans eru reyndar í verki, því annars er hætta á að þær verði að innantómum loforðum sem grafa einungis undan trausti öreigalýðsins til flokksins".

PRAVDA nr. 27, 3. febrúar 1925.

NÁMSHORN

Grein eftir J. Stalín:



Hvaða skilyrði þarf kommúnistaflokkur að uppfylla?

VERKALÝÐSBLAÐIÐ heldur áfram að birta greinarstúfa eftir forystu menn marx-lenínísku hreyfingarinnar. Að þessu sinni birtum við hluta viðtals sem Herz, fulltrúi þýskra kommúnista hjá Alþjóðasambandi kommúnista (KOMINTERN) átti við J.V. Stalín, einn helsta foringja bolsévíka í Sovétríkjunum. Viðtalið er frá árinu 1925. Þar er fjallað um "bolsévíseringu" - herslu - kommúnísks flokks, þ.e. hvernig tengja skuli fræðikenninguna við starf, og vinna fyrir verkalýð og alþýðuna alla á réttan hátt. Það skal tekið fram að Stalín á hér við kommúnistaflokk sem kominn er vel á veg á þróunarbraut sinni, og sem stefnir hraðbyri í þá átt að leiða fjöldann - en ekki flokksbyggingarsamtök (líkt og EIK(m-l) eða nýstofnaðan flokk.

Kommúnistar geta þó engu að síður lært margt af orðum Stalíns varðandi fjöldastefnuna.

Úr starfinu

KVEÐJUR

KVEÐJUR FRÁ EIK(m-l):

1. EIK(m-l) sendi Kommúnistaflokki verkamanna (marx-lenínista) kveðju í tilefni nýafstaðins II. landsþings flokksins. Bróðurflokkurinn í Noregi var stofnaður árið 1973 og leiðir nú baráttu verkalýðs og alþýðu gegn vaxandi árásum einokunarauðvaldsins í Noregi.

2. EIK(m-l) hafa sent málgagni Kommúnistaflokks verkamanna (m-l) í Noregi, KLASSEKAMPEN (Stéttabaráttan), kveðju í tilefni af því að blaðið verður dagblað frá og með 1. apríl n.k. Þessi áfangi er tímamótaviðburður í sögu marx-lenínísku heimshreyfingarinnar, en sem stendur eru aðeins gefin út dagblöð marx-lenínista í 2 löndum Evrópu: í hinni sósíalísku Albaníu og í Frakklandi, en þar hefur hinn marx-lenínski kommúnistaflokkur verið bannaður síðan 1968 og starfar því neðanjarðar.

3. EIK(m-l) sendu fulltrúa á stofnþing Kommúnísku verkamannaflokksins í Danmörku nú nýverið og sendu stofnþinginu kveðju íslenskra kommúnista. Þar með hafa samtökin KFML, sem stofnuð voru 1968, verið lögð niður, en flokkurinn er stofnaður af þeim.

KVEÐJA TIL EIK(m-l) FRÁ PCR

EIK(m-l) hefur borist kveðja frá Kommúnistaflokki Chile. Þar segir m.a.:

"Okkur hefur borist stuðningskveðja ykkar frá 5. 10. og bréf ykkar frá 6. 10. 76. Við þökkum af öllu hjarta, í nafni alþýðu okkar og flokks, þann áhuga sem þið sýnið baráttu okkar og fyrir alþjóðahyggju öreiganna.

Þetta er enn ein staðfesting á því að alþýðan og byltingarsinnar geta sigrast á hindrunum, svo sem fjarlægð, tungumálaerfiðleikum o.fl., þegar þeir standa fast á grundvelli sínum....."

Félagar, við höfum fengið nokkur eintök af VERKALÝÐSBLAÐINU, önnur gögn og kveðjuorðsendinguna vegna 11. september. Við biðjum ykkur að senda efni ykkar áfram, einkum enska útdráttinn úr Verkalýðsblaðinu, og allt annað sem þið gefið út á því tungumáli.

Með byltingarsinnuðum kveðjum og óskum um að þið vinnið stöðugt stærri sigra,

Fyrir hönd Alþjóðlegrar nefndar PCR í Chile: (undirskrift)".

*

KVEÐJA TIL EIK(m-l) FRÁ PAC

Miðstjórn EIK(m-l) hefur nýlega borist kveðja frá miðstjórn Pan Africanist Congress (PAC) í Azaníu (Suður-Afríku), en fulltrúar samtakanna voru á ferð á Íslandi í nóvember. Í kveðju PAC segir meðal annars:

"Í nafni kúgaðrar og arðrændrar alþýðu Azaníu, með milligöngu frelsissamtaka hennar - Pan Africanist Congress, lýsum við yfir gleði okkar vegna samstöðu þeirrar sem skapast hefur á milli alþýðu Azaníu og verkalýðsstéttarinnar á Íslandi. Sérstaklega lýsum við aðdáun okkar á hetjulegri baráttu alþýðu Íslands, með Einingarsamtök kommúnista (m-l) í fararbroddi, gegn risaveldunum tveimur, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum og gegn innlendum auðherrum og öðrum afturhaldsseggjum. Yfirráðastefna risaveldanna tveggja er einnig áberandi í okkar heimshluta, en hetjuleg barátta alþýðunnar fyrir sjálfráðarétti sínum beinist vissulega gegn íhlutunartilburðum þessarra risavelda.

Alþýðan í landi okkar Azaníu og í Zimbabwe og Namibiu, er þegar orðinn ósigandi her sem berst fyrir frelsi sínu, þrátt fyrir aðgerðir ógnarstjórna Vorsters og Smiths".

Í lok kveðjunnar segir:

"Við viljum færa EIK(m-l) þakkir okkar fyrir að hafa verið gestgjafar sendinefndar okkar, þeirra Mfanasekhaya Gqobose og Vuyani Mngaza. Við erum sannfærð um að tengslin sem tekist hafa á milli okkar munu bera ríkan ávöxt og verða til þess að við getum skipst á skoðunum og reynslu. Ákvörðunin sem tekin var á vegum EIK(m-l) um að stofna Azaníunefnd á Íslandi, til þess að styðja baráttuna í Azaníu, mun enn frekar styrkja samstöðu okkar".

*

Albanskri sendinefnd neitað um dvalarleyfi í Þýskalandi

Bróðurflokkur EIK(m-l) í Þýskalandi, Kommúnistaflokkur Þýskalands(marx-lenínistar) - KPD/ML - hefur sent frá sér yfirlýsingu, þar sem skýrt er frá þingi flokksins sem haldið var í Þýskalandi í byrjun febrúar. Flokkur Vinnunnar í hinni sósíalísku Albaníu þáði boð KPD/ML um að senda sendinefnd frá flokknum til þess að vera við þingið, en í fyrirsvari hennar átti að vera félagi Foto Cami, prófessor við háskólann í Tirana og miðstjórnarmaður í Flokki Vinnunnar.

Þá gerðist það 28. janúar, að utanríkisráðuneytið í Bonn og sendiráð V-Þýskalands í Austurríki neituðu algerlega, án þess að gefa fyrir því neina ástæðu, að albanska sendinefndin fengi að koma til Þýskalands!

Í tilkynningu KPD/ML vegna þessa atburðar segir m.a. að neitun stjórnarinnar í Bonn sé gróf árás á Sósíalíska alþýðulýðveldið Albaníu, árás á albanska alþýðu og alþýðu Þýskalands og annarra landa sem orðið hefðu að þola þjáningar þýska Hitlersfasismans. Á sama tíma og albönsku félögunum er neitað um dvalarleyfi í Þýskalandi er fulltrúum frá Sovétríkjunum og A-Þýskalandi leyft að koma óhindrað til V-Þýskalands, en í þessum löndum ríkir stjórnarfar sem er hliðstætt því sem gerðist í Þýskalandi á tímum Hitlers.

"En Alþýðulýðveldið Albanía er eina sósíalíska ríkið í Evrópu og það er einmitt ástæðan fyrir afstöðu stjórnarinnar í Bonn. Aðgerðir hennar ber hverjum þeim að fordæma sem vill að evrópsk alþýða lifi við frið og frelsi".

1/2 MÁN. BLAÐ '77!



Fjársöfnun Verkalýðsblaðsins hefur náð 200.000 kr. en alltaf eru til óleyst verkefni. Verkalýðsblaðið hyggur á kaup á nýrri ritvél og mun því fjársöfnun halda áfram. Verkafólk! Stöndum sjálf undir eigin baráttu! Gerist áskrifendur!

FÓLKIÐ SKAPAR FRÉTTIRNAR

Áætlað er að útgáfutíðni blaðsins aukist á þessu ári.

Stuðningsáskrift	kr.	2500
Ársáskrift	"	1500
Hálfsársáskrift	"	800

Nafn.....

Heimilisfang.....

.....

.....

VERKALÝÐSBLAÐIÐ Laugaveg 178

VERKALÝÐSBLAÐIÐ BIRTIR ÞÆR

Takið þátt í námsstarfi

Þekking á stéttabaráttunni og réttri baráttuaðferð er nauðsynleg til árangursríks starfs. EIK(m-l) líta á fræðslustarfið sem eitt af höfuðverkefnum samtakanna. Samtökin starfrækja námshópa þar sem m.a. er rætt um:

- Íslenskt þjóðfélag og stéttskiptingu þess,
- hlutverk stéttafélaganna og hvað gera verði til þess að þau verði á ný baráttutæki í höndum vinnandi alþýðu,
- frelsisbaráttu erlendrar alþýðu og kommúnista,
- baráttuleið alþýðunnar,

þá baráttu sem alþýðan verður að heyja til þess að öðlast frelsi og sjálfstæði í skipulagi sem hún sjálf hefur skapað.

Takið þátt í þessu starfi!

Skráning í námshópa fer fram á opnunartíma skrifstofu Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista) að Laugavegi 178 II. hæð, miðvikudaga kl. 16-19 og föstudaga kl. 17-19. Síminn er 8 42 10.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK(m-l)

Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

LAUGAVEGI 178, 2. HÆÐ
POSTHÓLF 5186, REYKJAVÍK
SÍMI 84210 - 35904

Gerist áskrifendur

Stuðningsáskrift: kr. 2500 Ársáskrift: kr. 1500
Hálfársáskrift: kr. 800

Áskrift greiðist á gíró 12200

Stóriðjuþróunin á Íslandi:

Verjum sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar!

Það er nú augljóst öllum sem það vilja vita, að íslenska einokunarauðvaldið og ríkisvaldið stefna nú á stórsókn í markvissri uppbyggingu orkufrekrar stóriðju á Íslandi með hjálp erlends auðmagns. Samningurinn við Elkem Spiegerverket um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, ylræktarver með Hollendingum í Hveragerði, áform Aluswiss um stóraukin umsvif í Straumsvík, samningamakk við Norsk Hydro um álverksmiðju við Eyjafjörð, uppdráttur Norsk Hydro af nýju álveri við Straumsvík, óskir og raddir af Suður- og Norðausturlandi um álver þangað og enn fleira, vitnar um þetta.

Hin mikla orkubeislun sem nú fer fram og er áætluð stefnir einhlýtt á þessa stóriðjuþróun. Benda má á hraðann sem nú er viðhafður í því augnamiði að hefja þegar í stað framkvæmdir á undirbúningsvinnu við Hrauneyjarfossvirkjun.

Framtíð þjóðlegra atvinnugreina

Þessi þróun mála sést jafn greinilega sé litið til annarra atvinnugreina, landbúnaðar, fiskveiða og smærri iðnaðar.

Ríkisvaldið hefur nú ákveðnar fyrirætlanir um skipulega fækkun smábænda og að búskapur "við lakari aðstæður" skuli leggjast niður. Fyrir vinnuaflið sem flosnar upp við þetta þarf nýjan vinnumarkað.

Þá er talað mikið um "sigur íslensku þjóðarinnar í landhelgismálinu", en á þann "sigur má líta frá fleiru en einu sjónarhorni. Samkvæmt mælingum fiskifræðinga, hefur hrygningarstofn (þ.e. fullvaxinn fiskur) þorksins á Íslandsmiðum minnkað úr 1200 þús. tonnum 1957 í 180 þús. tonn 1976! (Ath. að þorskurinn gefur 56% af fiskveiðitekjum Íslendinga). Að þessi ógnarlega þróun heldur áfram, sést á því að í "svörtu skýrslunni" var 230 þús. tonna þorskafli við Ísland ráðlagður sem hámark fyrir árið 1976, en veiðin nam hins vegar allt að 230 þús. tonnum! Afleiðingar þessa má sjá m.a. á sífjölgandi smábátaeigendum sem verða að gefast upp með báta sína og gerast launamenn. Með áframhaldi þessarar rányrkjustefnu auðvaldsins verður ekki það mikil uppbygging fiskvinnsluiðnaðar, að hann taki við öllu því vinnuafli er losnar við sjávarsíðuna og til sveita.

Hvað ætlar einokunarauðvaldið sér með Ísland?

Stefna einokunarauðvaldsins er að stækka rekstrareiningar, auka hagræðingu í efnahagslífinu og þjappa auðmagninu (þ.e. atvinnutækjunum) saman á fáa staði. Eina viðmiðun þess er hámarksgróði, en t.d. boðorðið "að vera sjálfum sér nógur" - að vera efnahagslega sjálfbjarga - metur það einskis og því er engin ástæða að snúða framleiðsluna að innlendum markaðsþörfum. Til að ryðja sér braut á erlendan markað, leitar það aðstoðar voldugra erlendra auðhringja og býður þeim fádæma ódýra orku og ódýrt vinnuafl fyrir aðstoðina. Íslenskt einokunarauðvald eykur þannig heimsvaldaásælni sína í gegn um samvinnu og meiri og minni sambræðslu við erlenda heimsvaldastefnu.

Byggðasamþjöppun

Þegar stóriðjufrömuðir tala um stóriðju, t.d. í Eyjafirði, er talað um viðhald byggðajafnvægis og aukið atvinnuöryggi á landsbyggðinni. En er sú stóriðja sem fyrirhuguð er til þess fallin að auka atvinnuöryggi? Nei, síður en svo. Stóriðjuver þessi eru tröll, miklu stærri en það sem getur sprottið eðlilega upp úr íslensku efnahagslífi. Til dæmis má nefna, að álverið í Straumsvík notar meira en helming allrar framleiddrar raforku á Íslandi. Þannig er það sem þarf til uppbyggingar og reksturs stóriðjuveranna dregið beint úr íslenskum framleiðsluiðnaði og atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum landsins. Stóriðjuþróunin í Noregi hefur þegar sannað þetta. Einnig kemur vinnuaflið frá þessum stöðum.

Efling stóriðjunnar mun koma geysilegu róti á líf og búsetu fólksins á okkar strjálbýlu og fámennu landsbyggð. Það leysir til dæmis lítinn vanda fyrir Norður-Þingeyinga að nýr 600 manna vinnustaður komi við Eyjafjörð. Við bætist að orkufrek stóriðja skilgreinist einmitt sem fjármagnsfrekur iðnaður sem notar tiltölulega lítið vinnuafl. Hún eykur því ekki atvinnuöryggi heldur atvinnuleysið. Eftir að búið er að reisa stóriðju(sem vissulega skapar vinnu) og hún farin að ryðja öðrum iðnaði úr vegi, er hætt við að atvinnuleysi fari að aukast.

Efnahagslegt sjálfstæði?

Afleiðingar umræddrar stóriðju eru fleiri en byggðaröskun. Það er augljóst, að auðhringarnir sem ráða bæði yfir hráefnaframleiðslu og markaði hljóta að vera ráðandi á öllum stigum framleiðslunnar (t.d. á áli) og þeir reka iðnaðinn út frá eigin hag, en ekki út frá stærð og styrk íslenska markaðarins.

Þegar meirihluti íslenskrar iðnaðarframleiðslu er undir yfirráðum erlendra auðhringa eru stórlega skertir möguleikar íslenskrar alþýðu til að hafa með samtakamætti sínum áhrif á landsmálin. Fái stóriðjustefna einokunarauðvaldsins að þróast verður á örskömmum tíma grafið undan sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar.

Treystum á eigin krafta!

Til að bæta jarðveginn fyrir stóriðjustefnuna meðal alþjóðar, bylur nú yfir sá áróður, að íslenskar auðlindir til lands og sjávar séu nú nánast fullnýttar bæði hvað varðar hráefnisöflun og úrvinnsluiðnað. Það er vissu lega rétt að framhald á núverandi rányrkjuþróun fiskistofnanna grefur alvarlega undan grundvelli sjávarútvegsins, en hinu er afar brýnt að slá föstu að Íslendingar geta byggt atvinnulíf sitt á eigin kröftum. Spurningin er aðeins um efnahagsstefnu þá sem rekin er. Gróði einokunarauðvaldsins verður skjótfengnari og meiri í gegn um orkufrekan iðnað og samvinnu við erlent auðmagn. Til að styrkja stöðu sína, bæði innan lands og utan, mun einokunarauðvaldið ekki skirrast við að leggja í rúst stóra þætti íslensks atvinnulífs og raska allri þeirri byggð sem við það er tengd, og ekki heldur hika við að selja landið undir erlend yfirráð. Hinn aukni gróði af vinnu íslensks verkalýðs er skapast gegn um stóriðjuna, mun ekki koma honum sjálfum til góða heldur rennur hann til innlendra og erlendra heimsvaldasinna og kemur því til með að styrkja enn þeirra stöðu.

Ein mikilvægasta tálbeitan sem íslenska auðvaldið býður því útlenda er einmitt hið ódýra vinnuafl á Íslandi, og vonar að það haldi áfram að vera ódýrt. Að öllum líkindum verður orkan hér eftir sem hingað til seld auðhringunum undir kostnaðarverði. Það sem á vantar upp á það borgar íslensk alþýða með striti sínu.

Álverið í Eyjafirði enn á dagskrá

Ástæða er til að geta þess að ósennilega breyta raddir og óskir sem heyrst hafa um álver í Norður-Þingeyjarsýslu og á Suðurlandi nokkru um fyrirætlanir um álver við Eyjafjörð. Fyrrnefndir staðir uppfylla ekki kröfur einokunarauðvaldsins um stóriðju með tilliti til fólksfjölda, þjónustu og fleiri þátta. Uppkoma álvers í Eyjafirði er fyrst og fremst háð því í hverjum mæli andstaðan gegn því verður skipulögð til virkrar baráttu.

Stefna Alþýðubandalagsins

Hentistefna Alþýðubandalagsforystunnar í stóriðjumálum er ekki lítil. Hún kallar sig fulltrúa þjóðfrelsis, en gagnrýni hennar á stóriðjumakkið núna felst í kröfum um hærra verð fyrir raforkuna og meirihlutaeign Íslendinga í fyrirtækjunum! Í framkvæmd sést hin "þjóðlega stefna" þeirra t.d. á samningum Magnúsar Kjartanssonar við Union Carbide - þ.e. keppni við íhaldið um hylli einokunarauðvaldsins með "hagstæðari samningum"!

Forystuhlutverk verkalýðsins

Borgarastéttinni undir forystu einokunarauðvaldsins má ekki trúa fyrir varðveislu hins þjóðlega sjálfstæðis. Það verður þá selt um leið og það er því "hagkvæmt". Verkalýðurinn í bandalagi við vinnandi smáframleiðendur til sjávar og sveita verður að taka forystu í baráttu fyrir sjálfbjarga þjóðarefnahag, gegn stórfelldri byggðaröskun, mengun og sölu sjálfsákvörðunarréttar þjóðarinnar.

GEGN ÁLVERI VIÐ EYJAFJÖRÐ OG ALLRI ERLENDRI STÓRIÐJU Á ÍSLANDI!



Þetta eru áburðarverksmiðjur norska auðhringsins NORSK HYDRO á Heröya
NH er stærsta fyrirtækið í Noregi og hefur þúsundir manna í vinnu víðs vegar um Noreg. Byggðaröskun og mengun af völdum stóriðnaðar eru geigvænleg vandamál í Noregi nú og á NH drjúgan þátt í því. Nú sækir NH mjög að notfæra sér hið ódýra vinnuafl og ódýra orku á Íslandi, með byggingu eins eða fleiri álvers hér á landi. Gegn því verðum við að berjast!
Verksmiðjan á myndinni er þannig byggð, að henni má breyta í vopnaverksmiðju á 10 dögum, ef þess gerist þörf.

LANDHELGIS-SAMTÖKIN MEÐ AÐGERÐIR

Í lok janúar efndu Landhelgis samtökin til mótmælastöðu og undirskriftasöfnunar gegn samningum um fiskveiðiheimildir fyrir Efnahagsbandalag Evrópu í íslenskri fiskveiðilögsögu. Voru aðgerðir fyrir utan Alþingishúsið og í Austurstræti í Reykjavík og var þegar safnað yfir 400 nöfnum á mótmælaskjal. Í ráði er að halda áfram aðgerðum sem þessum síðar, þar sem þær heppnuðust mjög vel.

Landhelgissamtökin eru samtök fólks sem vill berjast gegn allri rányrkju á íslenskum fiskistofnum, en slík barátta er mikilvægur liður í baráttunni fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetur alla þá sem styðja markmið samtakanna að ganga til liðs við þau þegar

í stað. Hafið samband við Önnu Jónsdóttur í síma 73093.

GEGN ÖLLUM SAMNINGUM UM FISKVEIÐIHEIMILDIR!

Fíflið og steinninn

Dagblaðið Vísir sýndi VERKALÝÐSBLAÐINU þann heiður að fjalla um skrif þess í einum af slúðurdálkum sínum. Þar veltir herra Óli Tynes vöngum yfir "kommúnískum smáhópum sem ríflst yfir því hver sé bestur". Vbl. þykir rétt að benda lesendum Vísis á orðtækið: "Fíflið lyftir stórum steini til þess eins að missa hann á tær sér".

Herra Tynes gleymir því að einmitt hans eigin flokkur táldregur fjöldann, ríflst við aðra borgaraflokka um hver sé bestur og tekst ekki að virkja nema lítinn hóp embættismanna, þrátt fyrir alla stærðina! - þegar engar kosningar eru í nánd.

Hvernig skyldi annars standa á því að kommúnísku "smáhóparnir" - þ.e. EIK(m-l) - séu svo virkir og standi fremst í allri raunverulegri baráttu?

Er það ekki vegna þess að stefnan, starfið og alþýðufjöldinn eru eitt?